

# **Stofnanasamningur**

## **milli SFR – stéttarfélags í almannajónustu og ríkissaksóknara um reglur við röðun starfa**

(Samkvæmt 11. kafla kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 2. febrúar 2006)

### **1. Gildissvið**

Samkomulag þetta tekur til allra félagsmanna í SFR. sem starfa hjá ríkissaksóknara.

### **2. Markmið stofnanasamnings**

Markmið stofnanasamnings er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað til þess að auka gæði opinberrar þjónustu. Einnig að gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með að auka möguleika á bættem kjörum.

### **3. Röðun starfa**

Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa t.d. í tengslum við starfsmannasamtöl.

### **4. Starfaflokkar**

Launakerfi ríkissaksóknara byggir á eftirfarandi störfum:

- ***Starfaflokkur 1***

Almenn skrifstofustörf og símaþjónusta. Starfið felst fyrst og fremst í að veita öðrum starfsmönnum aðstoð og að öðru leyti í störfum sem unnin eru undir eftirliti og stjórn annarra.

**Starfið grunnraðast í launaflokk 12.**

- ***Starfaflokkur 2***

Starfið er sérhæft og krefst sjálfstæðis í vinnubrögðum. Hér undir falla almenn skrifstofustörf og símaþjónusta en ennfremur störf sem krefjast meiri þekkingar og meiri fjölhæfni og jafnframt meira sjálfstæðis og ábyrgðar af hálfu starfsmanns en störf samkvæmt starfaflokki 1. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn geti að öðru jöfnu sinnt ólíkum verkefnum og gengið inn í störf annarra starfsmanna.

**Starfið grunnraðast í launaflokk 14.**

- ***Starfaflokkur 3***

Starfið felur í sér ábyrgð eða umsjón með verkefnum sem krefjast þekkingar á ákveðnum sviðum. Starfsmaður skal hafa staðgóða þekkingu á verkefninu, vinna sjálfstætt og bera ábyrgð á afmörkuðum verkþáttum gagnvart ríkissaksóknara. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn geti að öðru jöfnu sinnt ólíkum verkefnum og gengið í störf annarra starfsmanna.

**Starfið grunnraðast í launaflokk 16.**

- **Starfaflokkur 4**

Starfið felur í sér verkstjórn eða umsjón með verkefnum sem krefjast mikillar þekkingar og ábyrgðar á ákveðnum sviðum gagnvart ríkissaksóknara. Gert er ráð fyrir að starfsmaðurinn geti að öðru jöfnu sinnt ólíkum verkefnum og gegnið í störf annarra starfsmanna.

**Starfið grunnraðast í launaflokk 18.**

- **Starfaflokkur 5**

Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, skipulagningu og samhæfingu á ýmsum verkþáttum á skrifstofu embættisins, ábyrgð á fjárreiðum þess, rekstraráætlun og fjárlagatillögum.

**Starfið grunnraðast í launaflokk 24.**

## **5. Viðbótarforsendur fyrir röðun í launaflokka**

### **5.1. Starfsreynsla og menntun**

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni eða starfsmaður með menntun umfram stúdentspróf, eða ígildi þess, sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka miðað við grunnröðun sem hér segir.

Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er þá talin til viðbótar starfsreynslu hjá stofnuninni, að hluta eða öllu leyti:

- Starfsmaður með 2ja ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður með 4ra ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka
- Starfsmaður með 6 ára starfsreynslu skal hækka um 3 launaflokka
- Starfsmaður, sem lokið hefur 1 vetrar námi, skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður, sem lokið hefur 2 vetra námi, skal hækka um 2 launaflokka

Starfsmaður skal þó aldrei hækka meira skv. lið 5.1 en sem nemur 4 launaflokkum miðað við grunnröðun vegna samanlagðra reynslu og menntunar.

### **5.2. Starfsnám, símenntun**

Starfsmaður, sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum eða starfsmenntun/námskeið sem nýtist í starfi, skal hækka um launaflokk miðað við grunnröðun sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.
- Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka.
- Starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka.

### **5.3. Starfstengdar forsendur**

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef starf eða starfsmaður uppfyllir einhverja af neðangreindum forsendum:

- Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð.
- Starfið felur í sér flókin verkefni.
- Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna.
- Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.
- Starfsmaður sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð.
- Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.
- Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
- Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

Stofnunin skal halda til haga skriflegum rökum sem liggja að bæki hækkunar á launaflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á því að fá að sjá umræddar forsendur.

## **6. Endurskoðun og gildistími**

Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra. Stofnanasamningurinn þessi tekur gildi frá og með 1. apríl 2007.

Reykjavík, 01. 06. 2007

F.h. SFR

Ríkissaksóknari